

Erindi til bæjarráðs vegna byggðakvótamála

Fyrir hönd Sverris Björnssonar ehf legg ég fram eftirfarandi erindi til bæjarráðs í Fjallabyggð. Á fundi í síðustu viku skv. fundagerð samþykkir bæjarráð eftirfarandi:

Bæjarráð samþykkir að leggja eftirfarandi breytingar á reglugerð til afgreiðslu í bæjarstjórn.

a) Ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: *Afli af fiskiskipum sem landað er í sveitarfélagi af bátum sem ekki eru skráðir innan viðkomandi sveitarfélags á sama tíma, telst ekki til landaðs aflla samkvæmt 1. mgr.*

b) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: *Fiskiskipum er skylt að landa þeim aflla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2019 til 31. ágúst 2020.*

En árið áður var samþykkt að leggja til breytingar á 1.mgr. 4. gr. reglugerðarinnar þannig að „skipting þess aflamarks, sem kemur í hlut byggðarlags auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstkra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði. 1.gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan viðkomandi byggðarlags á tímabilinu 1. September 2017 til 31. Ágúst 2018, **þó að hámarki 70.000 þorskígildiskíló á bát. „**

Sú staðreynd að Fjallabyggð óskaði ekki eftir því að hámark yrði á hvern bát getur haft skelfilegar afleiðingar í för með sér. Allar líkur eru á því að Ramminn fái megnið af byggðakvótanum úthlutaðan og smábátarnir skrapa saman það litla sem eftir verður – ef þetta fer svona í gegn er ég hrædd um að það sé óafturkræft!

Vissulega hafa bátarnir hérna ekki allir náð að veiða skylduna en það er ástæða fyrir því. Ekki hefur verið viðunandi fiskvinnsla á svæðinu þar sem menn geta treyst á skilvirkar greiðslur og því ekki landað aflanum sínum til vinnslu í sveitarfélaginu. Nú höfum við sem rekur fyrirtækið Sverrir Björnsson ehf lagt mikið í byggingu nýrrar fiskvinnslu hér í sveitarfélaginu sem kemur til með að efla atvinnulíf og þjóni sínum tilgangi; **að styrkja atvinnu og byggð í sveitarfélaginu en ekki að efla þá sem stærri eru.**

Við förum fram á að sendur verði viðauki við breytingarnar sem bæjarstjórn samþykkti í síðustu viku, til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um að hámark verði sett á.

F.h. Sverrir Björnsson ehf

Sigurmina Káradóttir